

## Fundargerð

*Fimmtudaginn 24. ágúst 2006 komu fjallskiladeildir eystri og vestari í Langanesbyggð saman til fundar á þórshöfn.*

Eftirfarandi var tekið fyrir. Ágúst Guðröðarson lagði fram svohljóðandi tillögur:

1. “ Sameiginlegur fundur fjallskiladeilda eystri og vestari í Langanesbyggð 24.ágúst 06 gerir þá tillögu til sveitarstjórnar að deildin verði ein Langanesdeild og leitað heimilda viðkomandi Héraðsnefnda að svo megi verða ”.
2. “ Tillögur um fjallskilagjald kr. 500,- á kind ( vetrarfóðraða ) fyrir gangnadagsverk verði greiddar kr. 10.000,- Ljóst er að útaf þessum tölum standa a.m.k. kr.700.000,- Til að mæta þessu teljum við að koma megi gjaldtöku á fjárlausar jarðir sem og eyðijarðir samkvæmt lögum um afréttarmál.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Sigurjón Jósep Friðriksson, ritari.